

VIÐAUKI D.

Talstöðvar notenda á sértíðnum, þar sem fleiri en einn notar sömu tíðnina, skulu útbúa talstöðvar sínar tónsendi og sítónsloka. Hver talstöð sendir frá sér tón, þegar kveikt er á öllum sendinum. Sítónslokinn skynjar, þegar talstöðin tekur á móti réttum tón, og opnar viðtækið. Í stað sérstaks sítónsloka má nota suðloka viðtækisins, en þá skal hann stýrast bæði af tóninum og mældu suðgildi. Notandi heyrir með þessari tilhögun eingöngu þær sendingar, sem honum eru ætlaðar. Radióeftirlitið ákveður tóntíðni hvers notanda.

Tóngjafar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflu innan við 2%.
2. Mesta tíðniskekkja er ± 4 Hz.

Sítónslokar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Þeir skulu opna viðtækið í öllum tilfellum, þó að tíðniskekkja á móttæknum tón sé allt að $\pm 0,5\%$, en skulu ekki opna, ef tíðniskekkja er $\pm 3\%$ eða meiri. Þessum skilyrðum skal fullnægt, þó að innspenna breytist um allt að ± 10 desibel miðað við venjulegt gildi.
2. Þeir skulu gefa fullnægjandi árangur svo framarlega sem merkis/suðs hlutfall á útgangi viðtækis sé yfir 5 desibel.

17. ágúst 1983

Nr. 614

AUGLÝSING

um sameiningu Dyrhóla- og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafells-
sýslu.

Samkvæmt samþykktum hreppsnefnda Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu og að fengnu áleti sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu um að Dyrhólahreppur og Hvammshreppur verði sameinaðir, vill ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 70 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga sbr. Sveitarstjórnarlög nr. 58 29. mars 1961 tilkynna eftirfarandi:

1. Dyrhólahreppur og Hvammshreppur í Vestur-Skaftafellssýslu skulu vera eitt sveitarfélag, sem heitir Mýrdalshreppur.
2. Mörk hins nýja sveitarfélags skulu vera hin sömu og núverandi mörk þessara sveitarfélaga.
3. Íbúar Dyrhólahrepps og Hvammshrepps skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags Mýrdalshrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi Dyrhólahreppi og Hvammshreppi skulu tilheyra hinu nýja sveitarfélagi Mýrdalshreppi. Allar ábyrgðir og fjárhagslegar skuldbindingar sem sveitarstjórnirnar hafa gert og ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þeirra fyrir yfirstandandi ár, skulu því aðeins vera bindandi fyrir hið nýja sveitarfélag að þær hafi hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna.
5. Þangað til settar hafa verið nýjar samþykktir og reglugerðir fyrir hið nýja sveitarfélag, skulu reglugerðir þær og samþykktir, sem nú eru í gildi í báðum sveitarfélögunum gilda, eftir því sem við á.
6. Gildistaka sameiningarinnar er ákveðin 1. janúar 1984.

7. Kosning til hreppsnefndar hins nýja Mýrdalshrepps skal fara fram 12. nóvember 1983 og er kjörtími hinnar nýju hreppsnefndar til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
8. Tala hreppsnefndarmanna í Mýrdalshreppi hinum nýja skal vera 7.
9. Sýslunefndarmenn skulu vera 2 í Mýrdalshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1983.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari gjalddaga ársins 1983 hafa verið ákveðin sem hér segir:

	kr.
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	1 823
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	1 446
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	456

Menntamálaráðuneytið 18. ágúst 1983.

F. h. r.

Knútur Hallson.

Runólfur Þórarinnsson.

AUGLÝSING

um umferð á Suðureyri.

Að fengnum tillögum Suðureyrarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með seftar eftirfarandi reglur um umferð á Suðureyri:

1. Þar sem Súgandafjarðarvegur tengist Túngötu, skal vera biðskylda, og nýtur Túngata aðalbrautarréttar.
2. Eyrargata skal vera tvístefnuakstursgata.
3. Við Eyrargötu 12 er heimilt að aka út af Eyrargötu að söluskála Esso, og skal á þeim vegi vera biðskylda gagnvart Eyrargötu.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Suðureyri, 10. ágúst 1983.

Pétur Kr. Hafstein.